

REGLUR um tæknilega staðla varðandi tilkynningar lánastofnana um starfsemi yfir landamæri.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um lánastofnanir sem tilkynna um starfsemi yfir landamæri, sbr. 36. og 37. gr. laga um fjármálaufyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr.

Form og efni tilkynninga um starfsemi yfir landamæri.

Lánastofnun sem skylt er að tilkynna starfrækslu útibús eða veitingu þjónustu á grundvelli 36. eða 37. gr. laga um fjármálaufyrirtæki skal, eftir því sem við á, fylgja ákvæðum reglugerða (ESB) nr. 926/2014 og 1126/2014, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.

Birting tæknilegra staðla.

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 926/2014 frá 27. ágúst 2014 sem sett er á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi stöðluð eyðublöð og verklag vegna tilkynninga í tengslum við staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu yfir landamæri.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1151/2014 frá 4. júní 2014 til viðbótar við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi þær upplýsingar sem ber að tilkynna við nýtingu staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu yfir landamaðri.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálaufyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 926/2014 og 1151/2014 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*):

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1525361563411&uri=CELEX:32014R0926>,
birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 254, þann 28. ágúst 2014, bls. 2-21 og

<http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1525361662714&uri=CELEX:32014R1151>,
birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 309, þann 30. október 2014, bls. 1-4.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild skv. c-lið 2. mgr. 117. gr. b- og f-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálaufyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitina, 23. janúar 2019.

Unnar Gunnarsdóttir.

Finnur Sveinbjörnsson.